

Aðalfundur Íslandsdeildar Alþjóðaráðs safna (ICOM)
Fimmtudagur 29. mars 2012 klukkan 16.00
Fyrirlestrarsalur Þjóðminjasafns Íslands, við Suðurgötu

Dagskrá: Venjulega aðalfundarstörf samkvæmt 6. grein samþykpta Íslandsdeildar ICOM

Formaður Íslandsdeildar ICOM, Ólöf Kristín Sigurðardóttir, setti fundinn. Hún lagði til að Helga Maureen Gylfadóttir yrði kjörin fundarstjóri og var það samþykkt. Hún lagði jafnframt til að ritari fundarins yrði Guðbrandur Benediktsson, ritari stjórnar og var það einnig samþykkt.

Fundarstjóri lagði til breytingu á dagskrárliðum, þannig að starfsáætlun 2012 yrði kynnt í kjölfar skýrslu formanns, í stað þess að vera á dagskrá eftir kjör til stjórnar, líkt og kom fram í fundardagskrá. Var það samþykkt.

1. Lögð fram ársskýrsla 2010-2011

Formaður las upp skýrslu stjórnar Íslandsdeildar ICOM fyrir starfsárið 2010 – 2011: Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM fyrir starfsárið 2010 - 2011 var haldinn fimmtudaginn 17. mars 2011 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

Stjórn:

Stjórn skipa þau Ólöf Kristín Sigurðardóttir formaður, Dagný Heiðdal gjaldkeri (sem báðar ljúka nú 3 ára tímabili) og Guðbrandur Benediktsson (sem kjörinn var á aðalfundi 2010). Inga Jónsdóttir og Nathalie Jacqueminet voru kostnar sem varamenn í stjórn á síðasta aðalfundi. Samtals hélt stjórnin 9 fundi en átti auk þess í rafrænum samskiptum þegar ákveðin málefni voru til umræðu og stjórnin hélt vinnudaga (skjalasafn).

Félagar og aðild:

Félagar með einstaklingsaðild voru 69 þegar síðasti aðalfundur var haldinn og þá höfðu 4 söfn aðild. Nú eru félagar með einstaklingsaðild 72 þar af 4 eftirlaunaþegar og einn námsmaður. Fjöldi stofnana hefur ekki breyst (4) og eru það höfuðsöfn myndlistar og þjóðminja auk Gerðarsafns og Norræna hússins (grafík-safneign).

Félagsgjöld:

Félagsgjöld ICOM eru ákveðin á aðalfundi í París. Einstaklingsaðild fyrir Íslendinga árið 2011 var 66 evrur. Söfn á Íslandi greiddu 260 – 800 evrur – eftir stærð – þ.e. umfangi fjárhagsáætlunar. Gjöldin hækkuðu lítillega á milli ára og er fullt félagsgjald nú 70 evrur fyrir einstaklingsaðild og 33 evrur fyrir eftirlaunaþega og nema. Fyrir söfnin hér á landi eru gjöldin nú frá 498 – 598 evrum. Landsdeildum er heimilt að leggja 10% ofan á gjöldin sem skila ber

til aðalstöðvanna. Undanfarin ár hefur gengi krónunnar verið óstöðugt og sú % sem lögð hefur verið ofan á gjöldin því ekki alltaf skilað sér til félagsins. Undanfarin þrjú hafa félagsgjöldin hér á landi verið hin sömu í krónum talið en í ár þ.e. 2012 voru þau hækkuð til samræmis við hækkunin sem samþykkt var á aðalfundinum í París og eru nú 12.500 krónur fyrir einstaklinga, 6000 fyrir þá sem komnir eru á eftirlaun og nema og frá 88.000 til 105.000 fyrir söfn (vergar þjóðartekjur).

Fjármál:

Árlega hefur Íslandsdeild ICOM fengið styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til rekstur félagsins og til að taka þátt í þeim alþjóðlegu fundum sem henni er ætlað að sækja. Það eru árlegir stjórnarfundir ráðgjafanefndar ICOM og aðalfundur ásamt þátttöku í fundum ICOM-Nord. Félagið fékk 500.000.- fyrir starfsárið 2011. Ferðasjóður félagsins hefur vaxið nokkuð á síðustu árum eins og fram hefur komið á síðustu aðalfundum auk þess sem stofnaður var lítill sjóður sem landsdeildin eða fagnefndir geta nýtt við undirbúning og skipulagningu alþjóðlegra ICOM funda eða til að skipuleggja ICOM ráðstefnur hér á landi.

Þátttaka í alþjóðastarfi:

ICOM NORD: Hinn árlegi fundur ICOM Nord var haldinn í Stokkhólmi í maí en þar sem styrkur ráðuneytisins var ekki í hendi sá Íslandsdeildin sér ekki fært að sækja fundinn. Formaður var þó í samskiptum við formenn norrænu deildanna einkum varðandi fyrirhugaðan aðalfund í París og varðandi samskipti við aðalstöðvarnar í París og fyrirbyggjandi kosningar – þar sem mönnum þótti mikilvægt að halda inni í embættum fulltrúum norðurlandanna og þeim gildum sem norðurlöndin standa fyrir. Nú er einn norrænn fulltrúi í aðalstjórninni og formaður ráðgjafanefndar er norðurlandamaður. Árlegur aðalfundur og fundur ráðgjafanefndar voru síðan haldnir í París í júní og sótti formaður fundina. Þar sitja formenn landsdeilda, fagnefnda og heimshlutadeilda. Þjóðdeildir eru nú 137, alþjóðafagnefndirnar 30 og félagsmenn nálægt 30.000 talsins. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði farið yfir stafsáætlanir og ársreikninga og kosið í embætti. Rætt var um Alþjóðlega safnadaginn, ályktanir samþykktar og verkefni höfuðstöðvanna kynnt. Þar fyrir utan var tekin upp sú nýbreytni á þessum fundum að ræða í hópum um einstök efni – en þess má geta að fundirnir eru stórir (137 + 30+heimsálfufélög – einn eða fleiri) – Umræðu efnin voru fjölmörg: Söfn og sjálfbær þróun, siðareglur, rannsóknir, starfsþjálfun og útgáfur – sem ritari tók þátt í. Þar var mikið fjallað um miðlun þekkingar í gengum vef félagsins og t.d. aðgengi að handbókum – best practise – sem þegar eru til víða um heim og eru nú aðgengilegar í gengum heimasíðu félagsins – icom.museum – og síður fagnefnda. Jafnframt var farið yfir og samþykkt 3 ára áætlun fyrir ICOM – og er hún aðgengileg á icom.museum.

Meginverkefni 2011:

Starf Íslandsdeildar var með nokkuð hefðbundum hætti árið 2011 þ.e. viðhald heimasíðu, miðlun upplýsinga frá höfuðstöðvum og fagnefndum og umræður um fagleg efni sem varða

Íslenskt safnastarf. Rýnd voru lög um menningarminjar og myndlistarlög – en samkvæmt frumvarpinu fellur Listasafn Íslands undir þau lög. Félagið skilað álitum um þessi lög bæði í félagi við aðra hagsmunaaðila og sér. Á síðasta aðalfundi var stjórninni falið að semja reglur um ferðasjóð félagsins - en hann hefur verið rekinn frá árinu 1993 þegar félagið gaf út Íslensku safnahandbókina - og hafa skapast um hann ákveðnar hefðir. Stjórnin hefur nú farið vel yfir starfshættina og starfsumhverfi sjóðsins, skjalfest samþykktir og gert tillögu að úthlutunarreglum Síðastliði vor var farið í mikla vinnu við að fara yfir skjalasafn félagsins – gögnum sem safnast höðu upp hér og þar var safnað saman, þau flokkuð, grisjuð og komið til varðveislu hjá Safnaráði og eru ráðinu færðar þakkir fyrir að vera tilbúið til að veita okkur þessa aðstöðu. Á árinu var ráðist í nýtt verkefni sem félagið hefur frumkvæði að stofnun Blue Shield á Íslandi sem Nathalie og Dagný hafa haft forgöngu um.

Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí var tileinkaður Söfnum og minningum – Museums and Memory – og var tekin upp sú nýbreytni að efna til málstofu í samstarfi við námsbraut í safnafærðum við Háskóla Íslands – þar voru flutt 4 erindi auk þess sem yfirskrift dagsins var kynnt. Þessi dagskrá fór fram í Þjóðminjasafni Íslands. Markmið Íslandsdeildarinnar með dagskránni var að efna til faglegar umræðu á meðal safnamanna jafnframt því að taka fyrstu skrefin í þá átt að skapa nýjan og opinn vettvang þar sem rannsóknir eru kynntar.

Jafnframt hefur staðið yfir undirbúningur þess að veita íslensku safnaverðlaunin í nú í sumar. Fyrir hönd ICOM sitja Sólveig Georgsdóttir og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir í valnefndinni – en nefndin hefur starfað frá því síðla árs 2010.

Í heild var árið með nokkuð hefðbundum hætti en þó var bryddað upp á nýjungum eins og Blue Shield og málstofunni, samstarf og samvinna sem lofar góðu.

2. Starfsáætlun Íslandsdeildar ICOM 2012 -2013

Á komandi starfsári er stefnt að hefðbundinni þátttöku í alþjóðlegu starfi félagsins. Aðalfundur og fundur ráðgjafanefndar, þar sem formaður á sæti, verða í París í júní. Fundur ICOM Nord verður í Helsinki í maí en samstarf norrænu deildanna hefur ætíð verið mikið. Stefnt er að því að fulltrúar deildarinnar sækja báða þessa fundi, ef fjárhagur leyfir.

Yfirskrift Alþjóðlega safnadagsins 18. maí er að þessu sinni Söfn í heimi breytinga – nýjar áskoranir, nýr innblástur (Museums in a changing world – new challenges, new inspirations) og er áformað að halda deginum á lofti á svipaðan hátt og undanfarin ár þ.e. með því að birta grein um efni dagsins og beina athygli safnamanna að deginum. Í fyrra var efnt til málstofu í samstarfi við námsbraut í safnafærðum við Háskóla Íslands – eins og fram hefur komið en stjórnin hefur tekið þá afstöðu að þetta skuli gert annað hvert ár á móti tilkynningu um tilnefningar til íslensku safnaverðlaunanna en það verður einmitt gert í vor.

Íslensku safnaverðlaunin verða þannig veitt í sumar. Eins og mönnum er kunnugt eru þau nú veitt annað hvert ár. Undirbúningur veitingarinnar er þegar hafinn og voru þær Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Sólveig Georgsdóttir skipaðar í valnefnd fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM seint á árinu 2010, eins og fram hefur komið. Auk þeirra sitja í nefndinni tveir fulltrúar frá FÍSOS og ein fulltrúi safnsins sem síðast hlaut verðlaunin sem var Nýlistasafnið. Auglýst

verður eftir ábendingum nú um páskana og tilnefningar valnefndarinnar verða tilkynntar á alþjóðlega safnadaginn 18. maí. Verðlaunin verða síðan veitt á íslenska safnadeginum 8. júlí af Forseti Íslands við athöfn á Bessastöðum. Formenn félaganna hafa annast framkvæmd og kynningu verðlaunanna, en þessi háttur hefur verið hafður á frá árinu 2008 og tvímælalaust vakið almenna athygli á íslensku safnastafi.

Eins og undanfarin ár ráðgerir Íslandsdeildin að halda fleiri námskeið um siðareglurnar, en það er mjög góð leið til að halda á lofti þeirri hugmyndafræði sem samtökin starfa eftir. Hafa að leiðarljósi varðveislu menningarminja og miða að því að styrkja söfn í faglegu starfi.

Eitt af því sem ráðgert er á næsta ári er að færa heimasíðu deildarinnar á nýtt og meðfærilegar viðmót, veita úr Útgáfu- og ferðasjóði og síðast en ekki síst vil ég nefna stofnun Blue Shield, en það starf felur í sér samhæfingu ólíkra aðila og mótun starfshátta um leið og verið er að leggja áherslu á mikilvægi þess að hugað sé að menningarverðmætum þegar vá ber að höndu.

4. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram

Dagný Heiðdal, gjaldkeri, lagði fram og fór yfir reikninga starfsársins og bætti við skýringum til almennrar glöggvunar. Voru ársreikningar samþykktir.

5. Kjör til stjórnar

- a. Núverandi formaður, Ólöf Kristín Sigurðardóttir, var endurkjörin formaður til 3 ára.
- b. Inga Jónsdóttir, sem verið hefur varamaður í stjórn, var kjörin gjaldkeri til þriggja ára.
- c. Kristín Dagmar Jóhannesdóttir var körin varamaður í stjórn til 3 ára.
- d. Kosning skoðunarmanna reikninga til 1 árs: Bryndís Sverrisdóttir og Svanfríður Franklínisdóttir

6. Reglur um Útgáfu- og ferðasjóð Íslandsdeildar ICOM

Formaður kynnti drög stjórnar að samþykktum fyrir Útgáfu- og ferðasjóð ICOM (sjá viðauka - Útgáfu- og ferðasjóður Íslandsdeildar ICOM). Umræða fór fram um samþykktirnar almennt, sem og einstaka liði þeirra og var almenn ánægja með drögin. Voru þau samþykkt og var stjórn falið að fínpússa orðalag.

7. Önnur mál

Rætt var um stöðu Náttúruminjasafns Íslands og Listasafns Íslands. Báðar stofnanir hafa verið til umræðu síðustu misserin, staða þeirra og framtíð, m.a. fjárhagsleg og svo m.t.t. nýrra laga á sviði safnastarfs. Ritari kynnti drög stjórnar að ályktun og spunnust nokkrar umræður um efnið. Fundargestum þótti brýnt að ICOM léti í sér heyra í þessu sambandi, þó

á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Var samþykkt að fela stjórn að fínþússa orðalag ályktunar og senda frá sér (sjá fylgiskjal – ályktun).

15 manns sóttu fundinn.

Var aðalfundarstörfum lokið klukkan 17.05 - gb

8. Kynninga á Blue Shield. Dagný Heiðdal og Natalie Jacqueminet.

Fylgiskjal - Aðalfundarboð



Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM 2012

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM haldinn fimmtudaginn 29. mars 2012, kl. 16 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf skv. 6. gr. samþykkt Íslandsdeildar ICOM

- Lögð fram ársskýrsla 2011.
- Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.
- Kjör til stjórnar.
- Starfsáætlun 2012 kynnt.
- Reglur um *Útgáfu- og ferðasjóð Íslandsdeildar ICOM*
- Önnur mál sem upp verða borin

Kynning á hugmyndum um stofnun **Blue Shield** á Íslandi og umræður um öryggismál safna.

Að fundi loknum er boðið upp á léttar veitingar

Fylgiskjal – Útgáfu- og ferðasjóður Íslandsdeildar ICOM

Útgáfu- og ferðasjóður Íslandsdeildar ICOM

Útgáfu- og ferðasjóður Íslandsdeildar ICOM var stofnaður fyrir ágóða af útgáfu bókarinnar Söfn á Íslandi sem félagið gaf út árið 1993.

Samþykktir Útgáfu- og ferðasjóðs Íslandsdeildar ICOM

1. Heiti sjóðsins er *Útgáfu- og ferðasjóður Íslandsdeildar ICOM* og er sjóðurinn eign félagsins og í umsjón stjórnar sem sér um að ávaxta fé hans og úthluta styrkjum.
2. Hlutverk sjóðsins er að styrkja fullgilda féлага í Íslandsdeild ICOM til að taka þátt í allsherjarþingi ICOM sem haldið er þriðja hvert ár og til að taka þátt í árlegum ráðstefnum alþjóðadeilda ICOM. Auk þess styrkir sjóðurinn útgáfur sem tengjast starfi félagsins.
3. Tekjur sjóðsins eru auk áunninna vaxta ágóði af fundum og ráðstefnum á vegum Íslandsdeildar ICOM auk annarrar fjáröflunar.
4. Stjórn Íslandsdeildar ICOM setur sjóðnum úthlutunarreglur. Úthlutun fer að jafnaði fram einu sinni á ári og skulu úthlutunarreglur hvers árs liggja fyrir í janúar.
5. Stjórnin auglýsir eftir umsóknum og setur hæfilegan umsóknarfrest. Umsókn telst fullgild berist hún innan tilskilins tíma. Allar umbeðnar upplýsinar og gögn þurfa að fylgja.
6. Heimilt er að ráðstafa allt að 15% sjóðsins á ári. Upphæð einstakra ferðastyrkja skal að hámarki vera ¼ af heildarráðstöfunarfé sjóðsins hverju sinni.
7. Samþykktir þessar eru samþykktar á aðlafundi Íslandsdeildar ICOM og skulu tillögur til breytinga á þeim jafnframt lagðar fyrir aðalfund til samþykktar.

Fylgiskjal – ályktun

Vegna umræðu um stöðu Náttúrminjasafns Íslands og nýs frumvarps til myndlistarlaga vill Íslandsdeild ICOM (Alþjóðaráðs safna) koma eftirfarandi á framfæri

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM - Alþjóðaráðs safna, sem haldinn var í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands 29. mars 2012, beinir þeim tilmælum til yfirvalda safnamála á Íslandi að Náttúruminjasafni Íslands og Listasafni Íslands sé tryggð staða sem höfuðsöfn á sínu sviði, líkt og kveðið er á um í safnalögum.

Ný safnalög taka gildi í janúar 2013 og þar stendur í 3. gr. annarri málsgrein: „Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.“ Í sömu lögum eru tilgreind þrjú höfuðsöfn: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

Í siðareglum ICOM kemur fram að starfsmenn safna skuli „virða viðteknar kröfur og lög og halda á lofti virðingu og heiðri starfsins.“ Til þess að geta uppfyllt þessi ákvæði þarf umgjörð höfuðsafnanna að vera skýr og eigendur að uppfylla lagalegar og fjárhagslegar skyldur sínar. Þó margt hafi unnist í safnamálum á Íslandi á síðustu árum, verður í ljósi þessa að segja:

Núverandi staða Náttúruminjasafns Íslands er óviðunandi. Gaumgæfa þarf vel skýrslu ríkisendurskoðunar frá janúar 2012 um Náttúruminjasafn Íslands áður en áfram er haldið.

Staða Listasafns Íslands er óljós ef ekki eiga að gilda um það sérstök lög líkt og um hin höfuðsöfnin.